
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2012-05
Fundartími:	Föstudagur 11. október 2012 kl. 10:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. 3) Verkefni ársins 2013 og fyrirkomulag vinnu næsta árs. 4) NREAP fyrir Ísland. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir Rúnar Svavar Svavarsson Sigurður Ágústsson Sæmundur Valdimarsson Pétur E. Þórðarson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Orkustofnun:	Pétur Sólnes Jónsson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð Ásgeir Sigtryggsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Farið var yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Gögn liggja ekki fyrir um vinnslu hjá Orkuveitu Reykjavíkur og því er hún áætluð út frá innmötun inn á flutningskerfið. Raforkuvinnslan hefur aukist um 2,2% frá sama tíma árið 2011 en flutningstöp hafa aukist um 2,2%. Stórnotkun hefur aukist um 2,0% en almenn notkun hefur aukist um 3,0%. Ótryggð orka hefur aukist um 18,0% á þessu tímabili en forgangsorkan hefur aukist um 1,0%. Smávægilegur munur er á hitafari þessa mánuði milli ára og er árið 2012 aðeins kaldara en 2011 en þar að auki var hlaupár í ár sem kallar á aukna notkun sem einnig er leiðrétt fyrir. Aukning forgangsortku eftir leiðréttingu er nánast óbreytt eða 1,0%.

Einnig var farið yfir notkun eftir dreifiveitusvæðum og þá dettur út notkun við virkjanir en þar hefur verið nokkur aukning vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar seint á síðasta

ári. Á þriðja ársfjórðungi eykst notkun á svæðunum um 0,58% og mest hjá HS veitum eða um 3,38% en síðan um 0,38% hjá Orkuveitu Reykjavíkur og um 0,19% hjá Rarik en minnkun er á öðrum veitusvæðum. Forgangsorka stendur nánast í stað á 3. ársfjórðungi en þá þarf að hafa í huga að notkun kalkþörungaverksmiðju er talin sem ótryggð orka á þessu ári. Síðustu 12 mánuði hefur notkunin á dreifiveitusvæðunum aukist um 1,44% frá árinu 2011 og er öll aukningin í ótryggðri orku þar sem forgangsorkan minnkar um 0,27%.

- 3) JV fór yfir fyrstu drög að Verkefnishandbók fyrir árið 2013 þar sem áætluð er 900 tíma vinna fyrir hópinn og kostnaður 11,3 Mkr. JV mun senda fundarmönnum skjalið og þeir munu koma með athugasemdir en stefnt er að því að Verkefnishandbók verði samþykkt í síðasta lagi á fundi hópsins í desember.
- 4) JV fór yfir töflur í NREAP fyrir Ísland (National Renewable Energy Action Plan) sem hann hafði unnið í samvinnu við iðnaðarráðuneytið. Nokkur umræða varð um sölu úr landi á grænum skírteinum og á móti fáum við „gráa“ orku. Fundarmenn voru sammála um að þetta væri hálf fáránlegt og mundi kalla á það að íslensk fyrirtæki þyrftu að kaupa sér vottorð um græna orku sem mundi hækka raforkuverð á Íslandi.
- 5) IB ræddi um ráðstefnu sem haldin var í síðustu viku um nýja orkugjafa í samgöngum og taldi fátt nýtt hafa komið þar fram. Einnig ræddi hann um gagnaskil Orkuveitu Reykjavíkur en áfram gengur þeim erfiðlega að skila inn réttum tölum um raforkuvinnslu fyrirtækisins. RSS mun kanna þetta mál. Tvær nýjar mælingar komu nýlega í notkun hjá Landsneti en engin tilkynning kom um það frá Landsneti og virðist enginn utan Landsnets hafa vitað af því. Raforkuhópurinn hefur lengi óskað þess að fá upplýsingar um nýjar mælingar hjá Landsneti áður en þær koma í notkun svo við getum tekið þær inn í uppgjör og ítrekaði IB þessa beiðni. SV mun kanna þetta mál.

SA benti á að Samorka mun standa fyrir Mæladegi í næsta mánuði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 12:00. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 8.nóvember 2012 kl. 10:30.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.
- Raforkunotkun eftir veitusvæðum.
- Verkefnishandbók 2013, drög 1.
- NREAP töflur og skýrsla.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
RSS	Athuga með orkuvinnslugögn Hellisheiði og Nesjavellir
SV	Athuga með að tilkynna þegar breytingar verða á mælingum
EBP, SV	Fara yfir verkefnishandbók.